

3. Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkast hefur, svo sem til slægna, beitara og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti umsjónarnefndar friðlandsins.
4. Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því.
5. Gangandi mönnum og riðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nytjar landsins.

Umsjón með friðlandinu er í höndum þriggja manna. Skulu náttúruverndarnefndir Eyjafjarðarsýslu og Dalvíkurkaupstaðar tilnefna einn mann hvor, en Náttúruverndarráð hinn þriðja, og er hann formaður.

Til undanþágu frá reglum þessum að öðru leyti en getur í 2. og 3. gr. þarf leyfi Náttúruverndarráðs.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 339/1972 um friðland í Svarfaðardal.

Menntamálaráðuneytið, 13. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um fólkvang á Spákonufellshöfða.

Að tillögu hreppsnefndar Höfðahrepps í Austur-Húnavatnssýslu hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að Spákonufellshöfði í Höfðahreppi verði lýstur fólkvangur samkvæmt 26. grein laga nr. 47/1971 um náttúruvernd, en umrætt land er eign hreppsins.

Mörk fólkvangsins eru þessi:

Að sunnan, vestan og norðan ræður sjávarströnd. Að austan hugsast lína dregin úr fjöru milli svonefnds „Salthúss“ og „Lifrarbræðsluhúss“ í austur meðfram rótum klettaveggjarins að norðvesturhorni lóðar hússins, að Bankastræti 14. Þaðan ráða lóðamörk húsa við Bankastræti, en síðan rætur klettaveggjarins austur og norður fyrir húsið Laufás og áfram með rótum klettaveggjarins allt til sjávar. Þá tilheyra fólkvanginum sker úti fyrir höfðanum.

Um fólkvanginn gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda virði það almennar umgengnisreglur og varist að skerða gróður, trufla að óþörfu dýralíf eða valda skemmdum á jarðmyndunum. Meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu.
2. Umferð hvers konar ökutækja er óheimil á svæðinu.
3. Mannvirkjagerð og hvers konar annað jarðrask er þar óheimilt, þar á meðal efnistaka. Þá er og bannað að losa hvers konar úrgang og sorp á fólkvanginum.
4. Óheimilt er að beita búfé á fólkvanginum.



Umsjón fólkvangsins er í höndum hreppsnefndar Höfðahrepps, sem hefur samráð við Náttúruverndarráð um skipulag svæðisins.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt stofnun fólksvangsins og telur stofnun hans gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 11. ágúst 1980.

Ingvar Gíslason.

Birgir Thorlacius.